

Námsform í boði

Staðnám

Staðnám er kennt í fullbúinni kennslu-/tölvustofu í kennslustofum skólans. Ef viðkomandi námslína er einnig í boði í fjarnámi, þá hafa nemendur aðgengi að fjarnámsefninu, sem er ekki síður mikilvægt ef þú missir úr kennsludag.

Fjarnám

Í fjarnámi er tímarammi afmarkaður (upphaf og endir). Nemandi hefur frelsi innan dagsins og hvaða daga vikunnar hann sinnir náminu. Það eru skilgreindir skiladagar skv. Námsáætlun (prófdagar ef við á). Nemandi er hluti af hópi sem fylgist að ásamt leiðbeinenda/-um inn á nemendasvæði og janframt með einkasvæði milli sín og kennara. Allt kennsluefni er rafrænt en kemur inn jafnóðum skv. námsáætlun. Námsyfirferð/hraði er sami og í staðarnámi. Ef það eru fundir og/eða streymi úr kennslu þá er það allt aðgengilegt á upptökum ef nemandi hefur ekki tók á að taka þátt í þeim.

Fjarnám í frelsi

Nemandi skráir sig, gengur frá greiðslu og getur byrjar námið samstundis.

Nemandi fær mun meiri tíma til að klára námið, 6 mánuði, en á sama tíma líka styttri tíma ef það hentar. Fjarnám í frelsi, er hugsað fyrir þá sem geta unnið sjálfstætt og þurfa ekki daglega aðstoð. Nemandi er einstaklingur á sínum hraða, en ekki hluti af hóp.

Þú hefur val hvenær þú skilar verkefnum og hvenær þú tekur próf. Námið veitir sama útskriftarskírteini (Diplóma) og hefðbundna nám ef nemandi klárar öll verkefni/próf. Þjónustumarkmið skólans er að þátttakendur fái endurgjöf ekki síðar en inna 7 virkra daga. Endurgjöf á stór skilaverkefni (próf þegar það á við) getur tekið lengri tíma, en þá fá þátttakendur upplýsingar um það. Rauðir dagar teljast ekki með, lokað er fyrir slíka endurgjöf yfir jól og páska og yfir miðsumar (1.júlí til 5.ágúst).

Sjálfsnám

Skráðu þig, greiddu og byrjaðu námið. Í sjálfsnámi ert þú námsmaður á eigin vegum án aðstoðar kennara. Ekki er veitt viðurkenning í lok náms.